

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Krókur, L170822, gufuaflsvirkjun á Folaldahálsi.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagsáætlun sem tekur til lóðar Folaldaháls, L236047. Í breytingunni felst breytt lega og stærð lóðar og byggingarreits auk þess sem heimilað verður að bora 3 nýjar vinnsluholur ásamt plönnum og lögnum þeim tengdum.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hagavík, L170851, skilgreining og breytt heiti lóðar.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Hagavíkur B, L231136. Í breytingunni felst að afmörkun L170851 er skilgreind innan deiliskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. september 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 11. október 2024